

Viðbragðsáætlun Menntaskólans í Reykjavík vegna COVID-19 smits eða gruns um smit hjá nemendum

- 1. Veikindi.** Nemandi verður veikur og fer í COVID-19 próf sem reynist jákvætt.
 - 2. Smitrakningarteymi** hefur samband við nemanda/forráðamann og eftir atvikum við rektor eða konrektor. Nemandi upplýsir um aðstæður í skólanum og samskipti sín við aðra á tilgreindu sóttvarnarsvæði og -hólfi. Nemandi hefur samband við rektor eða konrektor og upplýsir um stöðu mála.
 - 3. Tímabil sóttkvíar.** Smitrakningarteymi gefur upp það tímabil sem miða á við og er þá gengið út frá reglunni: Innan 48 klukkustunda og innan 2 metra í meira en 15 mínútur með þeim smitaða. Sóttkví er 14 dagar frá útsetningu fyrir smiti. Miðað er við 24 klukkustundir áður en fyrstu einkenna varð vart. Ef um engin einkenni er að ræða er miðað við 48 klukkustundir frá sýnatöku.
 - Dæmi: Nemandi A fær einkenni 20. ágúst og greinist með COVID-19 þann 22. ágúst. Hann hitti nemanda B 19. ágúst og þeir unnu saman. Nemandi B fer þá í 14 daga sóttkví frá 19. ágúst.
 - 4. Úrvinnslusóttkví.** Ef vafamál koma upp um umgengni eða samneyti nemanda við samnemendur eða starfsfólk þá er engin áhætta tekin heldur er svæði eða hólfi lokað tímabundið. Svokölluð úrvinnslusóttkví stendur yfir þangað til búið er að rekja smit eða niðurstöður sýnatöku liggja fyrir.
- Mikilvægt er að nemandi haldi sig heima og mæti ekki til skóla ef hann finnur fyrir einkennum. Helstu einkenni COVID-19 minna á venjulega flensu: Hiti, hósti, bein- og vöðvaverkir og þreyta. Meltingareinkenni (kviðverkir, ógleði/uppköst, niðurgangur) eru ekki mjög áberandi með COVID-19 en eru þó þekkt.
- Ef fyrrnefnd einkenni koma upp hjá nemanda er hann eindregið hvattur til þess að hafa samband við Heilsugæslu, netspjallið á Heilsuvernd.is eða vakt síma 1700 með ofangreindar upplýsingar.

Reykjavík, 21. ágúst 2020

Viðbragðsteymi Menntaskólans í Reykjavík